

Fundargerð aðalfundar FLAF 24. 5. 2016

Fundurinn var settur kl. 20- í húsakynnum SR við Elliðavatn

Stjórnarmeðlimir mættir:	Kjartan Kárason	formaður
	Sigurlaug Guðmundsd.	Heiðarbraut
	Valdimar Reynisson	Hólsbraut
	Einar R. Sigurðsson	Hlíðarbraut
	Hjalti Elisson	Krók
	Sveinn Baldursson	Gilbraut

Ekki mættir: Guðrún S. Ólafsdóttir Álftagróf.

Fundarstjóri var: Magnús Jóhannesson
Ritari var: Sigurlaug Guðmundsdóttir

Fundarstjóri setti fund og fór yfir dagskrá hans.

Formaður las ársskýrslu félagsins. Hún fylgir með.

Fundarstjóri lagði fram og gerði grein fyrir ársreikningi sem var samþykktur.
Hann fylgir fundargerðinni.

Hjalti Elisson hefur sagt sig úr stjórninni og í hans stað kemur Tryggvi Þórðarson. Albercht Ehmman gaf sig fram sem skoðunarmann reikninga í stað Tryggva.

Samþykkt var að árgjald félagsins verði óbreytt, 3000.-

Undir liðnum Önnur mál, gerði Hjalti grein fyrir gangi samningamála SR og ríkisins varðandi kaupin á Fellsmörkinni. Stjórn SR hafði farið í heimsókn í Fellsmörkina í liðinni viku og lýst undrun og ánægju yfir því sem fyrir augu bar

Málin virðast vera að þróast í jákvæða átt og nálgast endaspennu. En ekkert er öruggt fyrr en í hendi er og ekkert hefur verið undirritað enn.

Formaður lagði fram áskorun til SR sem var samþykkt að senda með smábreytingu. Skal fundurinn krefjast þess að árgjaldið verði í samræmi við samninginn sem gerður var 2001

Formaður þakkaði Hjalta fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Einar R. Sigurðsson flutti erindi um gönguleiðir í og við Fellsmörkina og sýndi myndir og kort með merktum gönguleiðum. Mjög áhugavert.

Að lokum var fundi slitið um kl. 22 og gengið til kaffistofu þar sem fólk gaf sér góðan tíma til að ræða málin og hafa gaman.